

IÐNÞING 10. MARS 2011

NÝSKÖPUN ALLS STAÐAR

Orri Hauksson

Fundarstjóri, iðnaðarráðherra, alþingismenn, aðrir góðir gestir.

Hér er lítil getraun: Hvað eiga Halifax, Montpellier, Newcastle, Eyjan Mön, Montreal, Stokkhólmur, New Orleans, Vancouver, Helsinki, Toronto og Atlanta sameiginlegt? Þetta eru allt borgir, rétt er það. En það er fleira og öllu sértækara, sem greinir þessa staði í sameiningu frá öðrum. Ég kem að þessari gátu hér á eftir, ríkulegir vinningar í boði fyrir alla landsmenn.

Margir góðir félagar okkar hafa hér í dag lagt áherslu á langtímahugsun og stefnumörkun. Við okkur Íslendinga loðir að við séum skorpufólk, oft hamhleypur til verka og dugnaðarforkar. En að við sjáumst ekki alltaf fyrir, hugsum hvorki hlutina alltaf til enda, né leggjum í vana okkar að byggja á áætlunum til langs tíma.

Það er margt sannleikskornið í þessari karakterlýsingu. Því kemur ekki á óvart,

- að formaður Samtaka iðnaðarins hefur hér fyrir í dag boðað stofnun Framtíðarnefndar samtakanna,
- að iðnaðarráðherra talar fyrir langhlaupi í stað sífellds spretthlaups
- og að forstjóri Marorku kallar eftir atvinnustefnu til langs tíma.

Ég fagna öllum þessum ábendingum og tillögum.

En ég ætla örstutta stund að horfa á mál frá hinni hliðinni, og fullyrða að um þessar mundir skorti Ísland skammtímahugsun. Eða kannski væri réttara orða það svo, að hér skorti aðgerðir, að við eigum grípa tækifærin og þá auðtíndu ávexti sem eru fyrir framan okkur. Og hér með ætla ég að skipa sjálfan mig í eins manns nútímanefnd, sem verður að störfum í nokkrar mínútur, og skilar munnlegri skýrslu.

Stefnumótun til langs tíma er bráðnauðsynleg í nær öllu mannlegu baksi. En án framkvæmdar er besta stefnumörkun heims lítils virði. Sóknaráætlun 2020 er býsna snoturt plagg. En án

innleiðingar og eftirfylgni, er hún bara það, býsna snoturt plagg. Hönnunarstefnan sem nýlega var kynnt og iðnaðarráðherra minntist hér fyrr á, sló mann vel, en aðeins að því gefnu að hún komist til framkvæmda. Ef bíll stendur kyrrstæður, skiptir litlu í hvaða átt hann vísar.

Áhersla okkar á framsýni, má ekki óvart verða okkur andlegt skálkaskjól til gera ekki það, sem við eigum að vera að gera í dag. Ég segi ekki við börnin mín að ég muni ekki bjóða þeim hollan og góðan mat í kvöld, vegna þess að ég sé að fara á svo ljómandi fínt námskeið í tælenskri matargerð, næsta sumar. Þeim fjölmörgu sem hafa árangurslaust leitað að vinnu hér á landi síðastliðna 12 mánuði, er lítil huggun í því að bráðum komi betri tíð, 2020 nánar tiltekið.

Framtíðin er nefnilega komin í beinan kvenlegg af nútíðinni. Trúverðugleiki allrar framtíðarsýnar byggist á því, að verkum dagsins í dag sé sinnt af alúð og festu.

Við höfum í dag rætt um þá skelfilega stöðu sem uppi er í peningamálum okkar, með hinum víðtæku gjaldeyrishöftum og þann efnahagslega dróma sem þau drepa hagkerfið í. Við segjum sífellt við sjálf okkur, að framtíðin beri annað og betra í skauti sér, því þá verðum við með fínan gjaldmiðil, sem nýtur trausts um víðan völl. Og mikið verður nú gott ef svo reynist. En það þýðir ekki að við eigum að sætta okkur stöðuna eins og hún er um þessar mundir, og til næstu missera og ára. Upptaka evru, sem verða kann hér undir lok þessa áratugar, léttir ekki af okkur þeirri skyldu að taka strax örlög okkar í eigin hendur og nýta eins vel og við getum þau verkfæri sem við þó höfum í höndunum.

Á morgun, 11. mars, verður almenningi birt skýrsla frá Seðlabankanum, sem ríkisstjórnin hefur undanfarið legið yfir og blaðað í. Pappír þessi fjallar um hvernig aflétta skuli gjaldeyrishöftum á Íslandi. Sú ritgerð er ekki mínútu of snemma á ferðinni.

Það eru bráðum tvö og hálf ár frá því fjármálakerfið og peningastefnan hrundu hér á landi. Þau boðaföll leiddu okkur í þetta bóndabeygju gjaldeyrishafta. Sú neyðarráðstöfun var hugsuð til að skapa skammtímaöryggi. En skammtímaöryggið er enn við lýði, með miklum tilkostnaði, kyrrstöðu og skorti á fjárfestingum og langtímahugsun. Jafnvel nútímanefndinni, sem hér stendur, blöskrar skammtímahugsunin í heimi haftanna.

En svo skringilega vill til að nú, þegar sífelldu eru gefnar væntingar um að aflétting hafta geti hafist innan skamms, þá hefur varla hafist umræða um stjórnun peningamála og annarra hagrænna lykilaþriða næstu ár hér á landi. Seðlabankinn hefur reifað hin svokölluðu verðbólguþröngun plús, sem eru uppfærð útgáfa þeirrar peningamálastjórnunar sem ríkti hér á síðasta áratug. Sú tillaga er skref í rétta átt, þótt ég viðurkenni að mér finnist þar fremur rýrar breytingar á stefnu, sem síðasti áratugur á Íslandi ber ekki glæst vitni.

Við hjá Samtökum iðnaðarins höfum undanfarið reynt að særa fram umræðu um hagstjórn til næstu ára. Við teljum að Ísland eigi að uppfylla Maastricht skilyrðin svo fljótt sem auðið er. En við þurfum að beita okkur enn meiri sjálfsaga en svo. Við eigum að taka upp sérstaka reglu varðandi opinber fjármál, svo þau vaxi ekki úr takti við framleiðni í landinu og spilli fyrir peningamálastjórnun, eins og raunin varð reyndar. Við þurfum líka að þróa verðtrygginguna áfram, svo að jafngreiðslufyrirkomulag húsnæðislaða dragi ekki allt bit úr vaxtabreytingum Seðlabanka. Síðast en ekki síst má vaxtamunur milli Íslands og annarra landa ekki verða svo mikill á ný, að risavaxin vaxtamunarviðskipti gangi hér eins og klukkukólfur í gegnum allt hagkerfið, með tilheyrandi skekkjum og skruðningum. Vegna einmitt þeirrar hættu á ofsafengnum peningasveiflum inn og út úr landinu, kemur vel til greina að viðhalda einhvers konar stuðpúðum á vakurt fé. Grundvallaratriði er að slík jaðarhöft séu svo afmörkuð, að þau trúfli ekki gangverk langtímafjárfestinga, bæði inn og út úr landinu.

Við höfum þannig varpað fram ýmsum hugmyndum um það, sem okkur finnast eiga að vera grunnatriði fyrir aga og festu efnahags- og peningamála til næstu ára, hvaða gjaldmiðil sem við erum með á hverjum tímapunkti.

En þarna erum við að mestu að tala við sjálf okkur, enn sem komið er. Seðlabankinn segir auðvitað sína skoðun, að því marki sem hann hefur svigrúm til að tjá sig. En slík grundvallarmál fyrir lífsskilyrði, atvinnulíf og nýsköpun í landinu eiga ekki að vera einangrað umræðuefni fyrir sérfræðistofnanir og hagsmunaaðila, heldur þarf hið lýðræðislega vald í landinu þarf að leika lykilhutverk í að skapa efnahags- og peningaumgjörð þjóðarinnar, sem er skýr, öguð og sáttt ríkir um.

Lýðræðislega kjörin stjórnvöld mættu gjarnan gera annað, strax núna fyrir kvöldmat. Það er að láta niður falla tal og yfirlýsingar, sem auka alla óvissu, og skapa ímynd hringls og hálfkáks. Hin hagræna þoka er nógu þétt hér á þessari eyju okkar, þótt stjórnvöld bæti ekki á hana, með tali um þjóðnýtingar, eignaupptöku og hina nýju skattaheimspeki sína, sem þau kalla ýmist „you ain't seen nothing yet“ eða „stríðsskattheimtu.“ Ekki þarf að koma á óvart þó að fjárfestar stökkvi ekki til og hætti fé inn í kerfi með slíkar nafngiftir. Ekki vex Seðlabankanum heldur þor til að aflétta höftum, á meðan afurð fjárfestinganna, hagvöxtur, lætur á sér standa.

Góðir gestir.

Fyrir rúmu ári tóku hér gildi lög sem við höfum kallað nýsköpunarlögin. Núverandi iðnaðarráðherra á hrós skilið fyrir að hafa komið þeim í gildi, eftir langvinna baráttu iðnaðarins fyrir því þjóðþrifamáli. Lögin styrkja skattalega samkeppnishæfni Íslands í þróun og nýsköpun – og gera landið vænlegri heimkynni en var, fyrir hugverkaiðnað og vaxtarsprotu. Því miður varð það slys að lögin eru að hluta úr gildi fallin og meiriháttar óvissa ríkir um framvindu þeirra héðan í frá. Ekki er við iðnaðarráðherra að sakast þar, heldur grátlegt sleifarlag í stjórnsýslunni.

Annað svipað dæmi eru gagnaverin. Lengi hefur verið ljóst hve kjörið Ísland er til slíkrar nýsköpunar. Tæknisinnað samfélag með greiðan aðgang að hreinni orku. Frá árinu 2009 hafa málefni þessarar starfsemi ferðast á hraða snigilsins í stjórnsýslunni og oft í ranga átt. Stjórnámálamennirnir hafa þó flestir verið hlynntir því að færa skattaumgjörð gagnaveranna til þess sem gerist í öðrum Evrópulöndum. Nú loks, frá og með janúar 2011, virðist lagaramminn orðinn þess eðlis, að þessi sjálfbæra atvinnusköpun geti hér hafist. En mikill tími fór til spillis og sennilega hefur okkur tekist að hræða í burtu fjölmargan alþjóðlegan vonarpeninginn, sem ekki er á leið til baka á næstunni.

Verklegar framkvæmdir eru annað sem augljóst er, að ganga beri í hér í miðju atvinnu- og aðgerðaleyzi. Lífeyrissjóðirnir eru reiðubúnir að fjármagna ýmsa arðbæra fjárfestingu í innviðum landsins, nú þegar ríkissjóður er rýr. Fátt er því til fyrirstöðu að hefja leika, hanna, bjóða út, koma hjólunum af stað. En hryggilega hægt gengur, eingöngu vegna deilna um möguleg notkunargjöld á vegum í framtíðinni. Þarna skortir pólitísku forystu til að höggva á hnútinn, og leiða saman atvinnulausa peninga og atvinnulaust fólk.

Góðir gestir.

Þörfin fyrir ráðdeild í opinberum rekstri er ekki bara kvöð, heldur líka tækifæri. Niðurskurð má nýta til að láta af gömlum ósiðum, endurskoða aðferðir og bæta meðhöndlun skattfjár.

Iðnaðarmálagjaldið svokallaða hefur verið lagt af en var innheimt í fyrra í síðasta sinn. Að okkar frumkvæði verður þetta fé iðnaðarins meðal annars nýtt í klasasamstarf fyrirtækja, stofnana og menntakerfis. Við teljum það kjörna leið til að þróa nýjar lausnir og vinnubrögð hjá hinu opinbera. Sé rétt að verki staðið sparar það fé til langs tíma, án þess að koma niður á þjónustu. Um leið beinir það þróunarfé að hluta úr opinberum stofnanafarvegi, í dýnamískara samkeppnisfyrirkomulag eins og Tækniþróunarsjóður rekur. Jafnframt leggur þessi aðferðafræði þá kvöð á fyrirtækin að láta af hendi fé til verkefnanna og taka þannig áhættu á að þau skili árangri. Grundvallaratriði er að í slíku þróunarsamstarfi fyrirtækja og hins opinbera geta orðið til hugverk og nýjar lausnir, sem fyrirtækin geta nýtt til útflutnings.

Iðnaðarráðherra tjáði skýrt hug sinni fyrir í dag til þess, að slík aðferðafræði haldi áfram á árunum 2012 og 2013, þegar ekki nýtur lengur við fjárins sem innheimt hefur verið af iðnaðinum í landinu, iðnaðarmálagjaldinu. Sú yfirlýsing er mikilvæg og gleðileg. Þarna þarf enga nýja stefnumótun, engan nýjan pappír, bara aðgerðir. Nútímanefndin, sem hér stendur, býður fram aðstoð sína, svo að þessi skýri pólitíski vilji iðnaðarráðherra lendi ekki utan vegar í stjórnsýslunni.

En rifjum þá upp getraunina: Hvað eiga Halifax, Montpellier, Newcastle, Eyjan Mön, Montreal, Stokkhólmur, New Orleans, Vancouver, Helsinki, Toronto og Atlanta sameiginlegt? Ríkulegir vinningar í boði fyrir alla landsmenn.

Það voru vísbendingar í ræðunum hér áðan: Nýsköpun í þroskuðum greinum eins og Andri Þór talaði hér um, tæknimenntun og menntakerfi sem Guðrún og Jón Ágúst ræddu og sköpun hugverka sem Tatjana ræddi um. Er einhver með svarið? Jú, öll svæðin, sem nefnd voru, leggja mikið á sig til að laða til sín þróunarstarf og nýsköpun – og gætu þess vegna í þessum orðum töluðum verið að narra til sín eitthvað af okkar framsæknustu fyrirtækjum. Núna fyrir helgi

eigum við að ákveða að Reykjavík og Ísland allt skipi sér í flokk þeirra svæða sem skara fram úr fyrir nýsköpun.

Góðir gestir.

Nútímanefndin hefur lokið störfum.